




Afstöðumynd 1:500



Grunnmynd 1:200



MÝRDALSHREPPUR




Frá leiksvæði




Horft inn í matsal



Útlit norður 1:200



Útlit vestur 1:200



Útlit suður 1:200



Útlit austur 1:200

VA arkitektar ehf.

Heba Hertervig, arkitekt FAÍ
Helena Björgvinsdóttir, arkitekt FAÍ
Karl Magnús Karlsson, arkitekt FAÍ

Aðrir ráðgjafar:

Lagnahönnun: Ferill ehf.
Hönnun brunavarna: Örug Verkfræðistofa ehf.
Burðarvirkishönnun: Ferill ehf.
Hljóðvistarhönnun: Myrra hönnunarstofa ehf.
Lóðarhönnun: Betula ehf.

Stærðir

Særð leikskólans er 698,1 m² og 2875,4 m³.
Stærð lóðar er 3.890 m².
Nýtingarhlutfall lóðarinnar er 0,21.

BYGGINGARLÝSING

Leikskólinn er einnar hæðar bygging með þremur deildum með möguleika á stækkun um eina deild.

Reiknað er með að fjöldi barna verði um 65 talsins og skiptast þau á eftirfarandi hátt á deildir.

- Leikskóladeild A - Aldur 12-18/20 mánaða: 15 nemendur
- Leikskóladeild B - Blandaður aldur: 25 nemendur
- Leikskóladeild C - Blandaður aldur: 25 nemendur

Gert er ráð fyrir 16 bílastæðum utan lóðarmarka. Af þeim eru tvö sérmerkt fyrir fatlaða notendur.

Bílastæðin eru öll fyrir utan lóðarmörk.

Að auki eru 52 bílastæði á Mánabraut 1 til 3 sem verða samnýtt fyrir starfsfólk leikskólans.

Útveggir eru berandi og eru ásamt öllu burðarvirki og þökum hússins úr járnbentri steinsteypu og eru einangraðir að utan með steinull. Leikskólinn er almennt klæddur með loftaðri timburklæðningu sem er fest á undirkerfi úr áli.

Þak er einhalla með tvöföldum asfaltbundnum þakdúk sem er eldsoðinn ofan á steyptra þakplötur.

Ofan á þakplötur koma sperrur sem er með 220 mm steinullareinangrun sem klæðist af með borðaklæðningu með loftun, þakpappa og báruáli.

Gluggar eru úr áli og tré þar sem að tréð er fyrir innan vatnsvörn hússins en álið fyrir utan. Útihúðir eru úr áli.

Leikskóladeildir með fataklefum hafa innganga sem snúa út á skólalóð og er gert ráð fyrir að foreldrar/forráðamenn fylgi börnum sínum inn á afgirta leikskólalóð og inn í fataklefa. Hjólastæðum er komið fyrir á völdum stöðum. Samtals er gert ráð fyrir átta stæðum fyrir reiðhjól á lóð.

Aðkoma slökkvi- og sjúkrabífreiða að byggingunni er greið umhverfis bygginguna um aðliggjandi götu, leikskólalóð og ökufærann stíg. Bílastæði sérmerkt fötludum eru staðsett næst leikskólanum en eru utan lóðarmarka.

Sér starfsmannainngangur er í gegnum fataklefa starfsmanna á austurhlíð hússins ásamt vörumóttöku fyrir eldhús. Aðalinngangur inn í bygginguna og aðrar umferðarleiðir innan hennar uppfylla kröfur um algilda hönnun samkvæmt byggingarreglugerð.

Inngangsdyr/útidyr eru þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Gert verður ráð fyrir sjálfvirkum opnunarbúnaði fyrir inngangsdyr/útidyr í aðalinngöngum.

Sorpgeymsla er utanhúss og eru djúpgámar staðsettir á aðliggjandi grunnskólalóð.

Byggingin inniheldur salerni fyrir þann fjölda nemenda og starfsfólks sem áætlað er að nýti húsið í daglegum rekstri þess. Sér snyrting er fyrir hreyfihamlað starfsfólk og er einnig gert ráð fyrir snyrtingu fyrir hreyfihömluð börn sem er samnýtt af deildum fyrir eldri börnin. Eldhús er með móttöku og sér snyrtingu fyrir starfsfólk þess.

Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum og leiðamerkingar með ÚT merkingum. Skyllt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur HMS og Vinnueftirlitsins. Reiknað er með að settir verði upp uppdrættir í byggingunni sem sýna upplýsingar um útgönguleiðir ásamt upplýsingum um viðbrögð við rýmingu vegna eldsvoða eða annarrar hættu. Mesta vegalengd flóttaleiðar reiknast um 27 metrar. Allar hurðir í flóttaleiðum skal vera hægt að opna í flóttaátt án lykils eða verkfæra.


Húsið stendur í 4,7 metrum yfir sjávarmáli. Sem er um metra hærra en bílastæði og aðkoma að lóð og er það gert sem vörn við hugsanlegri vatnssöfnun og/eða flóði.




VA ARKITEKTAR

Skýringar


1	Starfsmannainngangur
2	Vinnuherbergi
3	Viðtalsherbergi
4	Skólastjórnendur
5	Sérkennsla
6	Snyrting starfsfólks
7	Kaffistofa starfsfólks
8	Matsalur
9	Eldhús
10	Inngangar á deildir í gegnum fatageymslur
11	Leikskóladeild-A 12-15 nemendur: 12-20 mánaða
12	Leikskóladeild-B 20-25 nemendur: Blandaður aldur
13	Leikskóladeild-C 20-25 nemendur: Blandaður aldur
14	Hvöld
15	Snyrting nemanda
16	Listasmiðja
17	Útisvæði
18	Snyrting fyrir úti-svæði
19	Geymsla
20	Tæknirými
21	Þvottaherbergi
22	Hreyfisalur; hægt að loka af með renniflekum




Skýringarmynd




Skurðmynd 1:200
Langsum í gegnum gang




Skurðmynd 1:200
Í gegnum aðalinnangang og deild B



Skurðmynd 1:200
Í gegnum tengigang



Skurðmynd 1:200
Þvert í gegnum matsal og í gegnum listasmiðju



Skurðmynd 1:200
Þvert í gegnum leikskóladeild A